



Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur
Vt: Þórður Már Sigfússon

Gunnarsholti 22. maí 2019

Efni: Umsögn um aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016, skipulags- og matslýsing vegna vindlundar á Hróðnýjarstöðum

Landgræðslunni barst til umsagnar Aðalskipulag Dalabyggðar/skipulags- og matskýrsla vegna vindlundar á Hróðnýjarstöðum. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 einkum er lýtur að gróðurvernd, stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu eyddra og vangróinna landa.

Votlendi; í kafla 2.3 er tekið fram að afmörkun iðnaðarsvæðis sé ríflega afmörkuð svo hægt sé að velja vindmyllum stað utan viðkvæmra og svæða sem æskilegt sé að hlífa s.s. votlendis. Landgræðslan leggur ríka áherslu á að votlendi verði hlíft með öllu við þessa framkvæmd.

Landgræðslan bendir enn fremur á að skv. 13. laga nr. 155/2018 þá skal við leyfisskyldar framkvæmdir sýna sérstaka aðgát til að lágmarka rask á jarðvegi og gróðri og leitast við að endurheimta vistkerfi sem verða fyrir raski. Fyrirséð er að verði af fyrirhugðum framkvæmdum mun gróður og jarðvegur raskast að einhverju marki og því brýnt að horfa til mótvægisáðgerða vegna þess, t.d. með nýtingu á svarðlagi til uppgræðslu lítt gróinna svæða í nágrenninu.

Landgræðslan gerir ekki frekari athugasemdir við Aðalskipulag Dalabyggðar/skipulags- og matskýrsla vegna vindlundar á Hróðnýjarstöðum. en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verkswiði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslunnar

Gústav Ásbjörnsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs